



Til bæjarráðs

Kópavogi, 5. desember 2023
23111165/000.02 ÁAK

Efni: Drög að endurskoðuðum reglum um úthlutun lóða í Kópavogi

Meðfylgjandi eru drög að endurskoðuðum reglum um úthlutun lóða í Kópavogi sem lögð eru fram til kynningar og umræðu.

Gildandi reglur um úthlutun lóða hjá Kópavogsbæ má finna annars vegar í *reglum Kópavogsbæjar um úthlutun á byggingarétti fyrir íbúðarhúsnæði til einstaklinga (til eigin nota)* og hins vegar í *reglum Kópavogsbæjar um úthlutun á byggingarétti fyrir íbúðarhúsnæði til lögaðila*. Reglurnar eru komnar til ára sinna en þær voru samþykktar á fundi bæjarstjórnar 25. nóvember 2014. Því má segja að kominn hafi verið tími til endurskoðunar og uppfærslu. Þar að auki ná núgildandi reglur ekki til úthlutunar atvinnuhúsaloða.

Framlögð drög voru unnin af lögfræðideild í samstarfi við starfsfólk af umhverfis- og fjármálasviði. Gildissvið þeirra eru allar tegundir lóða í Kópavogi. Drögin hafa að geyma nokkur ný ákvæði sem ekki eru í gildandi reglum. Gerð er tillaga um undanþágu frá auglýsingu í sérstökum tilvikum og að heimilt sé að veita tímabundin lóðarvilyrði. Þá hefur ákvæði um úthlutun með útboðsaðferð verið bætt. Skýrar er kveðið á um það í nýjum drögum hvenær kemur til greina að afturkalla lóðir og lagt til ákveðið verklag er varðar aðhald til lóðarhafa þegar kemur að framkvæmdahraða.

Undirrituð óskar eftir að fá að fylgja meðfylgjandi drögum eftir á fundi bæjarráðs.

Virðingarfyllst,

Ása A Kristjánsdóttir
bæjarlögmaður

